

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

Ársskýrsla 2014

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn eru:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Þjóðskrá Íslands)
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Finnur Friðrik Einarsson (MainManager)
- Fjóla Jónsdóttir, meðstjórnandi (TM Software)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, meðstjórnandi (Advania)
- Valur Þórarinsson, meðstjórnandi (Wise)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

Störf faghópsins á árinu

Skipulagður var einn hádegisfundur á árinu, þann 12. mars 2014. Hann bar yfirskriftina „Big data og rafræn stjórnsýsla.“ Fundinum var ætlað að svara þeirri spurningu hvernig hægt er að nýta þessi gögn opinberra aðila betur og auka virði þeirra. Horft var bæði til möguleika opinna gagna og gagna sem eru seld. Fundurinn var vel sóttur.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Á sameiginlegum fundi allra faghópa í september 2014 var ákveðið að vera ekki með haustfund vegna mikils framboðs á ráðstefnum og fundum. Í staðinn var ákveðið að halda næsta fund í apríl 2015 í samvinnu við FÓKUS, faghóp um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

Lokaorð

Stjórn faghópsins þakkar stjórn Ský og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Reykjavík 26. febrúar 2015

Halla Björg Baldursdóttir